

Heilbrigðissetur sérfræðinga fyrir allt Suðvesturland

Föstudagur, 15. maí 2026

Einn þriggja meginþátta heilbrigðisþjónustunnar á Gunnarshólma verður sérfræðiþjónusta lækna á öllum helstu sviðum læknisfræðinnar.

Pálmi V. Jónsson og Sigurður Stefánsson

Bætt heilbrigðisþjónusta fyrir fólk á efri árum er forsenda raunverulegra umbóta í íslensku heilbrigðiskerfi. Fyrir liggur að það er heilsubrestur þeirra sem eldri eru sem knýr að verulegu leyti áfram þarf heilbrigðisþjónustunnar og því þarf að beina kastljósinu að þeim vanda. Heilsubresturinn byggist að stofni til á langvinnnum sjúkdómum og því eru fjölmörg tækifæri til þess að grípa inn í á hverju stigi þessara sjúkdóma. Þar þarf áherslan í þjónustunni að vera því þar má ná mesta árangrinum með hvað minnstum tilkostnaði.

Langvinnir sjúkdómar geta verið stakir eða safnast í þyrpingar. Þeir algengustu eru hjarta- og æðasjúkdómar, lungnasjúkdómar og kæfisvefn, nýrnasjúkdómar, sykursýki og ofþyngd, krabbamein, beinþynning, slitgigt, taugahrörnunarsjúkdómar sem snerta hreyfifærni og vitræna getu, geðsjúkdómar og fíkn, svo sem áfengi, róandi- og verkjalyf, auk augnsjúkdóma og heyrnarskerðingar.

Sérfræðiþjónusta aðgengileg fyrir 80% Íslendinga

Kópavogsbær áformar, í samvinnu við einkaaðila, uppbyggingu íbúðahverfa fyrir um átta þúsund íbúa sem hönnuð verða með þarfir fólks á þriðja æviskeiði í huga. Jafnframt verður þar byggð upp víðtæk heilbrigðisþjónusta þar sem einstaklingurinn, færni hans og lífsgæði eru í fyrirrúmi og markmiðið að mæta þörfum hans á öllum stigum langvinnra sjúkdóma.

Þrjár meginþættir þjónustunnar verða þessir: Í fyrsta lagi víðtæk sérfræðiþjónusta fyrir íbúa á suðvesturhorni landsins. Í öðru lagi heilsusetur fyrir tímabundnar innlagnir sem byggjast á andlegri og líkamlegri örvun ásamt með endurhæfingu og sérhæfingu eftir viðfangsefnum. Loks verður öflug og sérhæfð hjúkrunarheimilisþjónusta. Þetta eru innviðir sem skortir í dag og ljóst að án þeirra mun álag á heilbrigðiskerfið aðeins halda áfram að aukast.

Áformuð uppbygging er í landi Gunnarshólma og Geirlands við rætur Hólmsheiðar og er sú staðsetning afar heppileg í því ljósi að hún er miðsvæðis milli höfuðborgarsvæðis og byggðakjarna Hveragerðis, Árborgar og Þorlákshafnar. Ferðatími frá jöðrum þessara svæða er svipaður, á bilinu 30-40 mínútur. Með því að teygja svæðið til Reykjanesbæjar og Akraness er ferðatími frá jöðrum um ein klukkustund, en eftir sem áður er Gunnarshólmi miðsvæðis og þá auðveldlega aðgengilegur fyrir nærri 80% Íslendinga.

Sérfræðisetur sem tryggir rétta þjónustu á réttum tíma

Einn þriggja meginþátta heilbrigðisþjónustunnar á Gunnarshólma verður sérfræðiþjónusta lækna á öllum helstu sviðum læknisfræðinnar. Á fyrri stigum geta stakir sérfræðingar í samfélagi haft mikilvægt framlag í greiningu og meðferð. Eftir því sem sjúkdómabyrði þyngist verður teymisvinna fagfólks að koma til, auk skipulegra verkferla.

Til að ná sem bestum árangri, bæði hvað varðar lífsgæði, skilvirkni og hagkvæmni, þarf að rýna hvern og einn sjúkdóm og hvert stig hans af nákvæmni. Markmiðið þjónustunnar er því einnig að styðja við skammtímaúrræði og hjúkrunarheimili.

Helstu sérgreinar yrðu meðal annars þessar

- Hjarta-, lungna-, nýrna- og taugalækningar
- Meltingarlækningar
- Gigtarlækningar
- Bæklunarlækningar
- Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta
- Karl- og kvenheilsa
- Tannlæknaþjónusta – almenn og sérhæfð
- Augnlæknaþjónusta – almenn og sérhæfð
- Sérfræðiþjónusta á sviði heyrnarskerðingar og jafnvægisleysis
- Öldrunarlækningar og þar með talið heilðrænt öldrunarmat

Í hverri og einni útfærslu á þjónustunni þarf að tryggja að réttur einstaklingur sé á réttum stað í þjónustukeðjunni á hverjum tíma og fái viðeigandi þjónustu. Því þarf að skoða gaumgæfilega alla þætti þjónustunnar, aðlaga hana og samhæfa að heildarþörfum skjólstaðinganna og tryggja aðgengi án tafa. Þjónusturof má ekki verða þar sem langveikt eldra fólk er berskjaldað og getur hrakað hratt. Öflug sérfræðiþjónusta stuðlar að hágæða þjónustu þar sem greining og meðferð eru markvissari og betri.



Pálmi V. Jónsson

Með starfrækslu sérfræðiseturs í langvarandi sjúkdómum fyrir fólk á þriðja æviskeiði á Gunnarshólma yrði í senn þjónustað fjölmennasta og þéttbýlasta svæði landsins. Hér er því á ferðinni þjónustuverkefni sem mætir brýnni þörf og dregur jafnframt úr álagi á allt heilbrigðiskerfi landsins, einkum og sér í lagi á Landspítala – háskólasjúkrahús.

Pálmi V. Jónsson er lyf- og öldrunarlæknir og prófessor emeritus við læknaeild HÍ. Sigurður Stefánsson er framkvæmdastjóri Aflvaka þróunarfélags ehf.



Sigurður Stefánsson

[Morgunblaðið 15.5.26, bls. 15 • Orðafjöldi: 614 • [PDF-útgáfa](#)]

Valdar greinar síðustu daga

[Sýna fleiri valdar greinar](#)